Netvarinn

03.07.2026

Netvarinn er öflug vörn sem lokar fyrir óæskilegt efni á netinu og vinnur best með öðrum vörnum eins og foreldrastýringu, hugbúnaðarstýringu, eldveggjum og veiruvörnum.

Netvarinn fylgir með öllum netáskriftum Símans og þú getur kveikt á honumá þjónustuvefnum okkar.

Hvernig virkar Netvarinn?

Netvarinn er DNS sía sem virkar á öll tæki á netinu þínu. Í hvert sinn sem eitthvað tæki reynir að opna vefsíðu athugar Netvarinn hvort sú síða sé á lista yfir síður sem innihalda efni sem þú hefur lokað fyrir. Ef síðan kemur upp á bannlista er ekki hægt að opna hana á netinu þínu.

Netvarinn býður upp á tvær mismunandi síur sem leyfa þér að stilla mörkin á netinu þínu.

Netvari 1

Lokar fyrir síður sem innihalda:

- Barnaklám
- Njósnaforrit
- Veirur

Lokar fyrir vefi sem:

- Villa á sér heimildir
- Gætu stolið persónuupplýsingum.

Netvari 2

Lokar fyrir allt í Netvara 1.

Lokar fyrir síður sem innihalda:

- Klámfengið efni
- Upplýsingar um eiturlyf
- Áhættuspil
- Hatur eða fordóma
- Ofbeldi
- Annað ólöglegt efni

Ert þú með uppástungu?
Hafðu samband við þjónustuverið okkar ef þú ert með hugmyndir að vefsíðu eða efni sem þú vildir geta lokað á með Netvaranum. Við erum alltaf glöð að fá ábendingar!

Ef netvarinn kemur ekki sjálfvirkt inn á eigin búnaði eða ef þú vilt aðeins nota það á tiltekið tæki, þá er hægt að setja hann inn handvirkt.

Netvari 1:

Primary DNS: 157.157.133.135

Secondary DNS: 157.157.133.136

Netvari 2:

Primary DNS: 157.157.133.137

Secondary DNS: 157.157.133.138
